



Reykjavík, 13. febrúar 2024

MSS21120164

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samning við KLAK-Icelandic Startups**

Á fundi borgarráðs þann 11. janúar 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Samningur við KLAK-Icelandic Startups var framlengdur á vettvangi borgarráðs 11. janúar sl. Samningurinn er til tveggja ára og snýr að áframhaldandi samstarfi og framkvæmd viðskiptahraðalsins Hringiðu sem hefur það að markmiði að draga fram, efla og styðja við nýsköpunarverkefni fyrirtækja og stofnana sem byggja á hugmyndafræði hringrásarkerfisins og Gulleggsins, stærstu frumkvöðlakeppni landsins. Í inngangi kemur fram að tilgangurinn sé að styrkja frumkvöðlastarf á Íslandi: Spurning frá fulltrúa Flokks fólksins er hvort útsvarsgreiðendur í Reykjavík eigi að bera ábyrgð á því að styrkja frumkvöðlastarf á landsvísu? Á ekki ríkið að sjá alfarið um styrkveitingar sem þessar vegna umfangs á landsvísu? Fulltrúi Flokks fólksins gerir sé góða grein fyrir mikilvægi frumkvöðla og frumkvöðlastarf en spurning er hvort borgarsjóður eigi að standa undir styrkgreiðslum á landsvísu sérstaklega nú þegar Reykjavíkurborg hefur varla fjármagn til að sinna lögbundinni þjónustu.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 15. janúar 2024.

#### **Svar:**

Þó að orðalagið „*styrkja frumkvöðlastarf á landsvísu*“ sé notað í samkomulaginu þá nýtist styrkur Reykjavíkurborgar fyrst og fremst við stuðning á frumkvöðlaverkefnum í Reykjavík. Þetta er þó réttmæt ábending og verður orðalag uppfært ef samningar verða endurnýjaðir. Það eru sambærileg verkefni haldin víða á landsbyggðinni sem borgin hefur enga aðkomu að. Þar má til dæmis nefna Norðanátt á Norðurlandi, Orkídeu á Suðurlandi og Bláma á Vestfjörðum.

Stjórnvöld styðja einnig beint við Klak með samstarfssamningi og því ekki einungis um framlag frá Reykjavíkurborg að ræða. Mögulega ættu samtök sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu að styðja við þetta verkefni en þá þyrftu viðkomandi sveitafélög að setja aukið fjármagn í samtökin til þess að efla svæðisbundna atvinnuþróun með áherslu á nýsköpun og sprotafyrirtæki.



Reykjavík



Þorsteinn Gunnarsson  
borgaritari



**Reykjavík**